

Sp.

342. Fyrirspurn

[176. mál]

til fjármálaráðherra um risnu fyrirtækja.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvaða reglur giltu um frádrátt frá tekjum fyrirtækja vegna risnu við álagningu skatta árið 1977?
2. Hve mikilli fjárhæð nam þessi frádráttur hjá skattskyldum félögum við álagningu skatta árið 1977, upphæðin samanlögð eftir framtölum eða áætluð samkvæmt hæfilegu úrtaki?